

- a. Lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd í heild sinni, umfangi hennar og helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum, þar með talið niðurrifi mannvirkja eftir því sem við á, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

**Verklýsing er til fyrir þessa framkvæmd. Varðandi viðauka viðauka 1 og 2 og telur framkvæmdaaðili framkvæmdina ekki falla undir önnur ákvæði en 10.08 og þá í B flokk en undir B flokk er farið í viðauka 2 og þar er ekki hægt að sjá að þessi framkvæmd falli undir lið þar.**

- b. hnitsettan uppdrátt sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar, mörk framkvæmdasvæðis og mannvirki sem fyrir eru á svæðinu,

Fylgdi erindi framkvæmdaaðila.

- c. upplýsingar um hvernig fyrirhuguð framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum,

**Ekki er til deiliskipulag af svæðinu. Framkvæmdaaðili telur framkvæmdirnar ekki kalla á aðalskipulagsbreytingu. Stykkishólmsbær hefur staðfest fyrir sína parta að sveitarfélagið telji framkvæmdirnar ekki kalla á breytingar á aðalskipulagi.**

Í 4. kafla skipulagsreglugerðar um aðalskipulag er talað um:

- a. Samgöngur, vegir og stígar.

*Þróun samgöngumála og megináhrifaþættir. Áhrif samgangna á nálæga byggð og hvernig bregðast á við áhrifum samgangna, t.d. vegna hávaða, loftmengunar og umferðarþunga. Stefna um samgöngumál svo sem um megingatnakerfið, ný samgöngumannvirki og ráðstafanir sem gerðar eru til að greiða götu almenningsamgangna og vistvænna samgöngumáta.*

**Vegurinn að Jónsnesi telst ekki til þjóðvegjar, stofnvegjar eða tengivegjar. Um einkaveg er að ræða. Þannig er ekki krafa á að setja hann inn á aðalskipulag skv. reglugerð. Telur eigandi því breytingu á aðalskipulagi óþarfa, nema sveitarfélagið vilji gera það á síðara tímamarki, þegar heildarendurskoðun aðalskipulagsins fer fram.**

Þá kemur fram í aðalskipulaginu:

*4.13.1 Vegir Í kafla 2.5 er gerð grein fyrir helstu vegum, stofn- og tengivegum. Í stefnumörkun hreppsnefndar kemur m.a. fram að lögð er sérstök áhersla á endurbætur og viðhald vega í sveitarfélaginu í því skyni að gera þá öruggari. Vegir eru sýndir á aðalskipulagsuppdrætti og tekur áætlunin til stofn- og tengivega, en aðrir vegir eru sýndir í almennum skýringum*

Ásamt:

*5.2 Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum.*

*• Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.*


**Vegurinn að Jónsnesi er mun styttri.**

• Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.

Svæðið sem áætlað er að taka efni í veginn er mun minn en 50.000m<sup>2</sup>. Áætlað um 6.000 til 8.000m<sup>2</sup> eða um 14.000 til 20.000m<sup>3</sup>. Efnistaka er ekki á skilgreindu verndarsvæði.

Eftir þessa samantekt telur eigandi ljóst vera að framkvæmdin kalli hvorki á aðalskipulagsbreytingu eða umhverfismat. Vegurinn tilheyrir ekki þeim flokki vegar að hann þurfi að vera inni á aðalskipulagi að mati eiganda, hann er ekki það langur og náman ekki það stór að hann er vel innan þessara 10km eins og kemur fram í aðalskipulagi.

Yfirlýsing frá fyrri eiganda er varðar þann veg sem er núna til staðar og nær yfir þetta svæði:



„Til þeirra sem málið varðar.

**Foreldrar mínir eignuðust Jónsnes árið 1971.**

**Samkvæmt fyrri eigenda og samanber Herforingjaráðskort frá árunum 1905 – 1915 hafði vegaslóðin eins og hann er merktur á kortinu verið nýttur um aldaraðir.**

**Til að byrja með sem hestakerruvegur og svo í okkar tíð fyrir dráttarvélar og fjórhjól.**

**Reglulega fyrir dráttarvélar m.a. til framkvæmda og til að tæma rotþró.**

**Einnig nýttur fyrir tæki þegar boraðar voru könnunarborholur fyrir síðustu aldamót þegar athugað var með heitt vatn á svæðinu.**


**Við nýttum þessa leið mikið á fjórhjólum t.d. þegar náð var í vistir í Stykkishólm.**

**Með virðingu og vinsemd,**

**Jóhann Kjartansson kt. 130559-7279“**

- d. lýsingu á staðháttum, landslagi, gróðurfari og landnotkun, hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði er á eða nærri verndarsvæðum og lýsingu á þáttum í umhverfinu sem líklegt er að verði umtalsvert fyrir áhrifum af framkvæmdinni, sbr. 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021,

Sjá uppdrátt þar sem vegurinn er settur inn á Gróðurkort frá Rannsóknarstofnun Landbúnaðarsins:



Vegurinn sem staðsettur er í landi Jónsness hefur ekki sérstaka verndun. Vegurinn hefur verið þarna um mjög langan tíma og var tilkominn löngu fyrir löggjöf sem kallaði á verndun eins og hún er í dag. Landsvæðið í landi Hofstaða og Ögurs er samblanda af graslendi, mýri og kjarri og er að mestu leyti fyrir utan holt og mela. Reynt er að forðast eins og kostur er að vera með vegstæðið á blautu svæði.

Góðurkortíð lýsir mjög vel því sem er á svæðinu, enda hafa engar breytingar orðið á gróðrinum/landinu á svæðinu sem áætlað er að leggja veg í landi Hofstaða/Ögurs. Drónamynd sýnir áætlað c.a. vegstæði og svo eru myndir af svæðinu með sem lýsa aðstæðum.



Dæmi um mela og klappir á svæðinu. T.d. úr svona mel er áætlað að taka efni í veginn:



Dæmi um gróðurfar þarna, holt, grassvæði eða mýrar:



Önnur drónamynd af holtum, grasi, mýrum og fl. Það er talað um kjarr í gróðurkortu en kjarr á þessu svæði er mjög lágvaxið eða c.a. 30cm, enginn skógur, þarna er kindum og hestum beitt á svæðið af eigendum jarðana.:




Sjá uppdrátt með veginum inn á Náttúruminjaskrá:



Eltra vegstærð (fálkúll líni), rött vegstærð (svart)  
setti inn á náttúruminjaskrá, til að sýna afstöðu vegar.


Vegur að Hinnu  
Lengd: 1,2 km  
Mál: 1:250  
Dagur: 12.11.2023  
Fyrirbær:  
Sagnfræðingur Lathrótt  
kennitala: 120173-3329

Vegurinn er ekki inn á neinu svæði þarna.




Vert er að taka fram að þetta kort inn á Náttúruminjasrá er með mjög ónákvæmar línur, línurnar passa ekki við strandlengjuna eins og sem Breiðafjarðarnefnd er með ummráðarétt yfir. Gert er ráð fyrir að línan eigi að fylgja ströndinni, sem hún gerir ekki.

Sérstök vernd, sjá kort. Þarna er eldri vegur frá allavega árinu 1905, ef ekki fyrr inn á merktum svæðum, en vegurinn er kominn löngu áður en þessi sérstaka vernd tekur gildi.



Varðandi fornleifar eru engar skráðar fornleifar á svæðinu samkvæmt vefsíðu, en í aðalskiplagi á bls. 7 er talað um að fornleifaskráningu skuli lokið 2016, sjá kort yfir fornleifar í næsta nágrenni og rauður hringur settur utan um áætlað vegstæði:



Í aðalskiplagi kemur fram tillaga um friðlýsingu á Hofstaðavogi sem nær að Jónsnesi, eina friðlýsingu á Jónsnesi kemur fram á bls 28, sem reyndar rann út árið 2017 :

1.8.4 Friðlýst æðarvarp í landi Jónsness Friðlýst æðarvarp er í landi Jónsness. Er varpið á öllu fastalandi jarðarinnar ásamt inneyjunum Háey, Efstuey, Miðey, Hrísey, Snorrahólma og úteyjunum Tveggjalambahólma, Stóruflögum, Blikaskeri, Hnífsey og Ólafsey. Friðlýsingin gildir í 10 ár frá birtingu hennar eða til 26. apríl 2017.

**Tafla 9. Yfirlit yfir eignarhald, búsetu og samþykktu landnotkun\* á einstökum jörðum eða jarðarspildum stærri en 10 ha í Helgafellssveit sem þá voru skráðar í Fasteignaskrá og undir sumum jörðum er yfirlit yfir jarðarluta og lóðir sem ekki voru skráðar í Fasteignaskrá þann 1. desember 2012.**

Jörð	Eignarhald	Föst búseta	Hefðb. búskapur	Landnotkun önnur en landbúnaður
Jónsnes	Einkaeign			friðlýst æðarvarp

Svo og:

**Tafla 21. Landnotkun jarða/jarðarspilda\* (≥10 ha) í Helgafellssveit skv. Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024.**

Jörð	Landnotkun skv. AS 2012 - 2024
Jónsnes	Landbúnaður, náttúruverndarsvæði (friðlýst æðarvarp)

Ekkert annað er skráð á Jónsnes í Aðalskipulagi og enginn önnur sérstök verndun, fornleifar eða sambærilegt.

**Fuglalíf:**

Breiðafjörður er friðlýstur á grundvelli sérlaga og nær friðunin til eyja, skerja, hólma og fjara. Breiðarfjörður hefur líka verið skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði, bæði fyrir sjófugla og fyrir fugla sem reiða sig fyrst og fremst á fjörur og grunnsævi. Þá eru fjörur í Hofstaðavogi á náttúruminjaskrá þar sem þar er að finna miklar og frjósamar leirur ásamt því að þar er mikil umferð farfugla.

Hvað varðar arnarvarp í landi Jónsness, þá vísast til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, en skv. lögnum má ekki vera nær virku (egg í hreiðri eða ungar á legg) arnarvarpi en 500 metra á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst. Framkvæmdatíminn er utan þessa tímaramma og eigandi jarðarinnar hefur ekki aðrar upplýsingar en að arnarvarp hafi eitt sinn verið þarna en ekki undanfarin ár. Í lögnum er jafnframt talað um að ekki megi hreyfa við hreiðurstæðum 100 metra í hringmál um hreiðrið. Slíkt stendur ekki til. Samkvæmt greinargerð með lögnum má sjá að það er gert ráð fyrir því að landeigendur geti komið nær hreiðrum ef þannig verkast vill, m.a. með tilliti til lögmætra nytja jarðarinnar. Til stendur af hálfu jarðeiganda að nytja Jónsnes með æðarvarpi.

Fyrirhuguð framkvæmd á nýjum vegi er vel utan framangreindra svæða, eldri vegur í landi Jónsnes er í nálægð við þessi svæði, en vegurinn hefur verið þarna í tugum ára og endurbætur á þeim hluta á ekki að breyta aðstæðum er varðar flugalíf á svæðinu, þar sem vegurinn er nú þegar til staðar.

- e. lýsingu á þeim þáttum framkvæmdar og/eða rekstrar sem valda helst áhrifum á umhverfið, sbr. 1. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021,

**Sjá uppbyggingu í verklýsingu.**

Í aðalskipulagi, greinargerð hreppsnefndar er varðar námur:

3.11 Greinargerð hreppsnefndar

Efnistaka er víða í sveitinni. Þótt henni fylgi ýmis neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir, hefur það góð áhrif á ýmsa atvinnu svo sem uppbyggingu vega- og byggingarsvæða. Eldri námur, þar sem efnistöku hefur verið hætt, verða lagfærðar og reynt að fella þær að landslagi á svæðinu.

- f. lýsingu á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, miðað við fyrirliggjandi vitneskju, sem stafa af losun eða úrgangi og nýtingu náttúruauðlinda, sérstaklega jarðvegs, lands, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 2. viðauka laga nr. 111/2021,

**Ekki stendur til að losa úrgang Miðað við núverandi vitneskju stendur ekki til að losa úrgang eða skerða náttúruauðlindir á svæðinu við þessa vegagerð.**

- g. upplýsingar um fyrirliggjandi umsagnir umsagnaraðila og annarra eftir eðli máls,

**Stykkishólmsbær hefur ekki skilað til eiganda umsögnum eins og kemur fram í fundargerð skipulagsnefndar, en hefur óskað eftir umsögnum Vegagerðarinnar, Minjastofnunar, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar.**

- h. upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, eftir því sem við á.

**Gengið verður frá efnistökusvæði um leið og veglagningu lýkur og gengið verður fá köntum á vegstæði eins og bestur er kostur á miðað við aðstæður við vegstæðið.**

**Vegurinn er áætlaður 3.5 metrar á breidd með nokkrum 1 metra útskotum svo ökutæki geti mæst. Þegar vegagerðinn er í vinnslu getur svæðið verið allt að 10m með fláum og frágangi á veg-fláum en þegar frá líður og gróður í köntum hefur jafnað sig á c.a. 2 árum verður sýnilega veg stæðið í kringum 3.5m.**

Heimildir:

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=02635768054870604631>

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=03635821457843174955>

<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

<https://www.althingi.is/lagas/153c/2010123.html>

<https://island.is/reglugerdir/nr/0090-2013>

<https://www.reglugerd.is/media/vidhengi/252-1996.doc>

<https://natturuminjaskra.ni.is/>

<https://www.vegagerdin.is/vegakerfid/skipting-i-vegflokkal/>